



Akureyri, 2. nóvember 2023

Efni: Umsögn Slökkviliðs Akureyrar um þingsályktunartillögu „Föst starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri“

Aðdragandi

Þann 19. október 2023 óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsagna um þingsályktunartillögu er varðar fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri, n.t.t. 327. mál, þingskjal 334.

Umsögn og rökstuðningur

Slökkvilið Akureyrar fagnar þingsályktunartillögunni og telur nauðsynlegt að hún hljóti framgang, enda hefur samsetning og þróun bráðaverkefna á norður- og austurlandi undanfarin ár sýnt fram á þörfina fyrir sérhæfða þjónustu studda af björgunar- og sjúkraþyrlu.

Meðal helstu tilvika þar sem föst starfsstöð björgunarþyrlu á Akureyri mun nýtast m.t.t. til stytts viðbragðstíma og aðgengi að sérhæfðri þekkingu eru:

- Styttri flutningstími bráðveikra og alvarlegra slasaðra af jaðarsvæðum eða eyjum á viðeigandi sjúkrahöfnun eða í sjúkraflug þar sem sjúkraflutningur á landi mun vera of tímafrekur eða óframkvæmanlegur, t.d. Hrísey, Grímsey, hálendissvæði, sveitabýli eða þjóðvegir.
- Styttur viðbragðstími gagnvart tímaháðum verkefnum vegna alvarlegra slasaðra eða veikra einstaklinga í fjalllendi.
- Eldsvoðar, mengunarslys, slys og veikindi á sjó, hvort sem um ræðir skemmtiferðaskip, togara eða önnur sjóför á rúmsjó eða minni farþegabáta nær landi.
- Styttur viðbragðstími og aðflutningur sérhæfðra bjarga vegna eldsvoða, mengunarslysa og annarra björgunaraðgerða á eyjum og öðrum einangruðum byggðarlögum.
- Styttri viðbragðstími og aukin viðbragðsgeta sérsveitar RLS á Akureyri og viðeigandi og sérhæfðu bráðaviðbragði vegna áverka því tengdu.
- Styttur viðbragðstími vegna skógar- og gróðureldahættu á annars illaðgengilegum svæðum.
- Styttur viðbragðstími og aðflutningur á sérhæfðu viðbragði til stuðnings við byggðalög útsett fyrir náttúrhamförum, svo sem snjóflóðum og skriðuföllum.

Slökkvilið Akureyrar telur að samþætting við sjúkraflugþjónustu með fast vængjum og sú sérþekking og reynsla sem fyrir er hjá viðbragðsaðilum á svæðinu af hverskyns bráðaverkefnum muni styrkja enn frekar við upptökusvæði bráðaverkefna í aðliggjandi landshlutum.

Virðingarfyllt

Gunnar Rúnar Ólafsson
Slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Akureyrar